



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga, þskj. 182, 113. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist framangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Lýtur tillagan að því að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að láta fram fara endurskoðun á XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs í því skyni að meiðyrðalöggjöf uppfylli skilyrði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eins og ákvæðinu hefur verið beitt í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu og að ráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingu á XXV. kafla almennra hegningarlaga á 149. löggjafarþingi.

Í greinargerð með tillögunni er vísað til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á sviði mannréttinda og í þjóðfélaginu almennt, t.d. með samfélagsmiðlunum, og vísað til nýlegra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum er varða brot á vernd tjáningarfrelsis fjölmiðlafólks á Íslandi. Niðurstaða flestra þeirra ber með sér að íslensk dómaframkvæmd í málum er varða 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, hefur almennt ekki endurspeglað dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, t.d. hvað varðar meðalhóf.

MRSÍ styður tillöguna og minnir á mikilvægi tjáningarfrelsis og fjölmiðlafrelsis með vísan til orða Mannréttindadómstólsins í málinu Handyside gegn Bretlandi (mál nr. 5493/72):

*„tjáningarfrelsið er einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags, eitt af skilyrðum fyrir framþróun þess og að hver og einn geti þroskast“*

Virðingarfyllst,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri